

UPP 203 – Uppeldismál á Íslandi

Kennari: Linda Sólveig Magnúsdóttir – linda@ma.is

Áfangalýsing: Í þessum áfanga er lögð áhersla á aðstæður íslenskra barna og unglunga, fjallað er um uppeldismál á Íslandi í nokkuð víðu samhengi. Mikil áhersla er lögð á að nemendur kynni sér markmið skólstarfs á Íslandi, velti fyrir sér álitamálum í uppeldis- og skólstarfi, og geti rætt um þróun og uppbyggingu menntamála með gagnrýnu hugarfari. Áhersla er lögð á sjálfstæði nemenda og samvinnu við skipulagningu og upplýsingaleit og að nemendur öðlist þjálfun í að afla gagna, meta þau og kynna fyrir hvert öðru. Ýmsir áhrifaþættir í uppeldi eru einnig til umfjöllunar; einelti, barnavernd, og ofbeldi gagnvart börnum. Miklar kröfur eru gerðar um virkni nemenda í umræðum og verkefnavinnu – skila þarf öllum verkefnum í símatsáfanga.

Lesefni:

- Fjölritað leshefti sem fæst í afgreiðslunni.
- Ýmislegt efni frá kennara (greinar, bæklingar, dreifildi, kvikmyndir o.s.frv).

Markmið:

- að nemendur þekki til uppbyggingar íslenska skólakerfisins og velti fyrir sér ýmsum álitamálum sem oft koma upp í umræðuna.
- að nemendur fái innsýn í og kynnist ýmsum erfiðleikum sem börn/unglingar búa við eða geta lent í, meðal annars út frá orsökum, afleiðingum og forvörnum.
- að nemendur þekki helstu þjargir sem börnum og unglungum í vanda stendur til boða
- að nemendur séu meðvitaðir um áhrif kynferðis á líf barna og unglunga.
- að nemendur þekki og verði vakandi fyrir einkennum sem börn/unglingar sýna ef þau búa við/lenda í slæmum aðstæðum, og viti hvert skal leita eða vísa málum.
- að nemendur eflist í sjálfstæðum vinnubrögðum, að koma fram fyrir aðra og skili vel unnum og ígrunduðum verkefnum.

Námsmat:

- (15%) Álitamál, paraverkefni
- (15%) Þemaverkefni, hópverkefni
- (10%) Úttekt á afþreyingu, paraverkefni/hópverkefni
- (50%) Ferilmappa, einstaklingsverkefni
- (10%) Vetrareinkunn (þátttaka í umræðum, verkefnavinna og mæting).

Verði nemandi uppvís að ritstuldi jafngildir það falli í upp 203. Með ritstuldi er átt við: „*Það eigna sér vísvitandi í ritverki e-ð sem áður hefur komið fram (þ.e. orð eða hugmyndir annars)*“

„*Nemandi, sem staðinn er að því að nota óleyfileg gögn eða veita eða þiggja hjálp við próf umfram það sem heimilað er (svindla á prófi) hefur fyrirgert rétti til frekari þátttöku í prófum á önninni. Honum er vísað úr skóla, tímabundið eða til frambúðar. Ekki eru gefnar einkunnir fyrir áfanga annarinnar“.* (<http://www.ma.is/is/namid/reglur-um-nam/prof-og-profahald>)

Vika	Dags.	Hvað er gert	Verkefnaskil
1	13.-14. sept.	Kynning.	
2	17.-21. sept.	Einelti	
3	24. – 28. sept.	Íslenska skólakerfið	
4	1.-5. okt.	Íslenska skólakerfið.	Álitamál – fyrirlestrar nemenda
5	8.-12. okt.	Íslenska skólakerfið.	Álitamál – fyrirlestra nemenda
6	15.-19. okt.	Íslenska skólakerfið	Álitamál – fyrirlestrar nemenda
7	22. – 26. okt.	Þemavika	
8	29. okt. – 2. nóv.	Haustfrí (mánud. 29. okt.)	Þemaverkefni - kynningar
9	5. – 9. nóv.	Barnavernd og stofnanir.	
10	12. – 16. nóv.	Barnavernd og stofnanir.	
11	19. – 23. nóv.	Ofbeldi og vanræksla.	Skil á möppu til yfirlestrar
12	26. -30. nóv.	Ofbeldi og vanræksla.	
13	3. – 7. des.	Börn og skilnaðir	Úttekt á afþreyingu - kynningar
14	10. – 14. des.	Jöfnunarvika/aukaþema	
15	4. & 7. jan.	Vinnutímar, klára möppu.	

Tímaáætlun birt með fyrirvara um röskun eða breytingar.

**Með von um gott samstarf og skemmtilegar og virkar samverustundir,
Linda Sólveig**